

Starfsskilyrði fyrir bifreiðasprautun

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGI Á LÓÐ

1.1	Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slyshættu eða hættu á mengun í jarðvegi. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2	Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

		Rgl.nr.
2.1	Hafa skal olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olúskiljur. Senda skal upplýsingar um olúskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykktar. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olúskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2	Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.	798/1999 5. gr.
2.3	Olúskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olúskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr. 51.

2.4	Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	798/1999 5. gr. 884/2017 63. gr.
2.5	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.	798/1999 5. gr.
2.6	Staðsetja skal flát undir mengandi efni, þ.m.t. olíuefni, lökk, lífræn leysiefni og þynnar í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.	884/2017 43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.
2.7	Óheimilt er að spartlryk og málningarflögur berist í fráveitu sveitarfélags.	798/1999 5. gr.

3. MENGUNARVARNIR Í ÚTBLÆSTRI

Rgl.nr.

3.1	Hafa skal fullnægjandi loftræstingu þar sem unnið er með lakk og þynni t.d. við lakkbar. Hindra ber óþarfa uppgufun á þynni og öðru m lífrænum leysiefnum. Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.
3.2	Útblástursloft frá sprautuáðstöðu skal leiða í gegnum lakksíur áður en það er leitt út úr húsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.
3.3	Nota skal lokaðan þvottabúnað með þvottaþynni fyrir sprautu-byssur og annan búnað. Fullnægjandi loftræsing skal vera á búnaðinum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.
3.4	Þungamálmar og leysiefni í bifreiðalakki eru spilliefni og hættuleg í umhverfi. Leitast skal við að lágmarka notkun efna sem innihalda þungmálma og leysiefni.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

Rgl.nr.

4.1	Olúgeymar og olúlagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi, með síðari breytingum.	884/2017
-----	--	----------

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

Rgl.nr.

5.1	Farið skal eftir ákvæðum reglugerðar varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma. Notaðar loftsíur, mengaður sandblásturssandur, lakk- og þynnisleifar og sparttryk eru spilliefni og ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016
-----	--	--------------------------------------

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.